

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 / Breytt 1840

Blessun

Eftirspil

Gabriel's Oboe

Ennio Morricone

Prestur: Séra Örn Bárður Jónsson
Organisti: Steingrímur Þórhallsson
Flautuleikur: Áshildur Haraldsdóttir
Einsöngur: Sólveig Unnur Ragnarsdóttir,
Ásgeir Páll Ágústsson
Kór: Lögreglukór Reykjavíkur
Stjórnandi: Tómas Guðni Eggertsson
Umsjón útfarar: Útfararþjónusta Hafnarfjarðar

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða kirkjugestum
að þiggja veitingar í Iðnó, Vonarstræti 3, að lokinni athöfn.*

Minningarorðin verða birt á vefsíðunni: ornbardur.com



Ragnheiður Jónsdóttir

Fædd 18. desember 1932

Dáin 10. apríl 2014



Útför frá Dómkirkjunni í Reykjavík
þriðjudaginn 22. apríl 2014

Forspil

Smávnir fagrir

Jón Nordal

Bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
spoti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Ritningarlestur

Meðan veðrið er stætt
berðu höfuðið hátt
og hræðstu eigi skugga á leið.
Bak við dimmasta el
glitrar lævirkjans ljóð
upp við ljóshvolfin björt og heið.
Þó steypist í gegn
þér stormur og regn
og þó byrðin sé þung sem þú berð
þá stattu fast og vit fyrir víst
þú ert aldrei einn á ferð.

Þýðing: Þorsteinn Valdimarsson - Rodgers / Hammerstein

Guðspjall

Einleikur á flautu

Siciliano úr Columbine

Þorkell Sigurbjörnsson

Minningarorð

Ó, blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.
Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár;
nú fellur heitur haddur þinn
á hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tårin kvika' á kinn,
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægriin löng,
og heim í sveitir sendirðu' æ
úr suðri hlýjan blæ.

Þú frjógvar, gleður, fæðir allt
um fjöll og dali' og klæðir allt,
og gangirðu' undir, gerist kalt,
þá grætur þig líka allt.
Ó, blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól,
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Páll Ólafsson - Ingi T. Lárusson

Bæn – Faðir vor

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa,
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánaud og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær. Ó, Guð, veit oss frið.
Veit oss þinn frið.

Þýðing: Óskar Ingimarsson - Hjá Adriaen Valerius 1626